Verðfallið, sem hófst fyrir rúmu ári, gerði að verkum, að augljóst var, að útflutningsatvinnuvegirnir gætu ekki risið undir aukningu framleiðslukostnaðar. Ákvað ríkisstjórnin því að beita sér fyrir verðstöðvun, í trausti þess, að launþegar æsktu þá ekki launahækkunar. Í þessu skyni varð ríkisstjórnin að stórauka niðurgreiðslu vöruverðs samfara öðrum ráðstöfunum jafnframt því sem aðstoð við sjávarútveginn var aukin. Var þetta kleift í bili, án nýrrar tekjuöflunar, vegna mikils tekjuafgangs ríkissjóðs á árinu 1966, enda voru þá taldar horfur á, að verðfallið yrði ekki varanlegt. Nú hefur raunin orðið önnur og ef halda ætti öllum þeim niðurgreiðslum, sem eiga sér stað, auk fjáröflunar til þess að greiða óhjákvæmilegan kostnaðarauka ríkisbúsins vegna fólksfjölgunar og skuldbindinga, sem þegar hvíla á ríkinu, þyrfti á næsta ári að afla um 750 milljón króna nýrra tekna til þess að ríkisbúskapurinn yrði hallalaus.

þetta þarf sjáframt
 svo þess vegna er
 ekki rétt að halda
 minna fjárgreiðslu
 við sjávarútveginn,

sta:
 á hvert man hafa verið
 vegna verðstöðvunarinnar

Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið, að fella niður þær niðurgreiðslur á íslenskum landbúnaðarafurðum, sem stofnað hefur verið til síðan 1. ágúst í fyrra, og við það tímamark var verðstöðvunin miðuð. Er hér um að ræða niðurgreiðslur að upphæð 410 millj. kr. á ársgrundvelli. Þá hefur verið áfengis og tóbaks hækkað, og er áætlað, að það auki tekjur ríkissjóðs á næsta ári um 75 millj. kr. Þá er óhjákvæmilegt að fallast á tillögu Tryggingastofnunar ríkisins um hækkun iðgjalda um rúmlega 60 millj. króna því að ella væri fjárhag stofnunarinnar stefnt í voða, og leyfð verður hækkun daggjalda sjúkrahúsa, sem frestað var í ár með sérstökum greiðslum úr ríkissjóði. Þá munu afnumdar undanþágur, sem í gildi hafa verið um greiðslu söluskatts af póst- og símagjöldum og afnotagjaldi af hljóðvarpi og sjónvarpi. Eykur það tekjur ríkisins um 40 millj. kr.

Jafnhliða fjárlagafrumvarpinu mun ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp um sérstaka tekjuöflun og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir vegna efnahagsörðugleikanna. Átlunin er að leggja skatt á farmiða til útlanda, 3000 króna á hvern miða og er gert ráð fyrir að þessi skattur afli ríkissjóði um 60 millj. kr. tekna á ári. Ennfremur verður lagt til/ við álagningu eignaskatts verði fasteignamat í kaupstöðum og kaupúnum tölftöfaldað í stað þess, að það er nú sexfaldað, en sexfaldað í sveitum, þar sem engin matshækkun er nú, en hvarvetna verður þessi hækkun þó innan þeirra fasteignamatshækkana sem fyrirsjáanleg er vegna þess mats, sem bráðlega er væntanlegt.

Jafnframt verður lágmark skattskyldra netto - eigna tvöfaldað til þess að hækkun fasteignamatsins komi ekki niður á fólki, sem er tiltölulega eignalítið. Auk þess munu verða gerðar ýmsar ráðstafanir til sparnaðar í opinberum rekstri.

Með framangreindum ráðstöfunum á ríkisbúskapurinn að geta orðið hallalaus á næsta ári, en það er frumskilyrði þess, að hægt sé að ráða við þá efnahagsörðugleika, sem nú steðja að.

Þessar ráðstafanir og þá auðvitað fyrst og fremst niðurfelling þeirra niðurgreiðslna, sem upp hafa verið teknar, síðan verðstöðvunin komst á, hljóta að auka framfær^zlukostnað. Kauplagsnefnd og Hagstofan hafa reiknað út tvær vísitölur um breytingar á framfær^zlukostnaði. Samkvæmt gildandi lögum breytist kaupgjald í samræmi við breytingar á eldri vísitölunni. Það verður hins vegar ekki véfengt, að nýrri vísitalan er réttari mælikvarði á breytingu raunverulegs framfær^slukostnaðar, því að hann er miðaður við neyzluvenjur á árinu 1965, en ekki 1953-1954, eins og hinn fyrri, þegar líf skjör almennings voru miklu lakari en nú. Nýrri vísitalan er talin munu hækka um 4 - 5 % í kjölfar þeirra ráðstafana, sem nú hefur verið lýst. Á hinn bóginn er fullvíst, að atvinnuvegir landsmanna geta ekki eins og nú horfir greitt hækkað kaup. Þess vegna er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að þessi hækkun framfær^slukostnaðar valdi tilsvarendi kauphækkun, og eru því í frumvarpinu ákvæði um það, að kaup skuli ekki hækka vegna þessara ráðstafana.

Að frátöldum þeim óhjákvæmilegu verðhækkunum ^{þess} sem taldar hafa verið, mun ríkisstjórnin áfram fylgja

Ath. Þessa viðbót er
5. áttu af þessari útgáfu:

Þar rættastofunni, sem
mi heftu verit keldan,
er ávinnulegust
líkmarks þess, er gera
þarf atvinnulegum
til styrktar. Þetta kann
at þessum næstan
máttu og itanlegi
samráðunni einni, at
þessu er í þessum
þessum dæmi okk.
og þá er at smíðast
við þessum vanda.

5.

verðstöðvunarstefnu, og er gert ráð fyrir, að ákvæði
núgildandi verðstöðvunarlaga séu framlengd með því
frumvarpi, sem áður er getið um. Jafnframt er
ætlunin, að hin nýja vísitala taki gildi 1. marz n. k.
og miðist kaupgjald framvegis við hana á sama hátt
og verið hefur samkvæmt hinn eldri vísitölu.

Á undanförunum áratugum hefur ávallt þurft að fram-
kvæma öðru hvoru aðgerðir af því tagi, sem nú eru
ráðgerðar. Slíkt er auðvitað óæskilegt. Til þess að
eyða nauðsyn því líkra skyndiaðgerða ætíð öðru hvoru,
þarf að gera atvinnuvegi þjóðarinnar fjölbreyttari og
síður sveiflum háða, jafnframt því, sem markvíst
verði að því unnið, að auka framleiðni í öllum atvinnu-
greinum sem og hagkvæmi í rekstri ríkis og sveitar-
félaga. Þessu stjórnaflokkarnir sammála um, að þetta
sé á meðal mikilvægustu verkefna næstu ára, og
mun ríkisstjórnin leggja höfuð áherzlu á, að árangur
náist í þessum efnum.

Í þessu skyni mun ríkisstjórnin beita sér fyrir, að
framleiðslugeta atvinnuveganna verði nýtt sem bezt,
enda verði þessa gætt bæði í rekstri og fjárfestingum.

Í sjávarútvegi verði lögð sérstök áherzla á endur-
nýjun þorskveiðiflotans og þá endurskipulagningu fisk-
vinnslunnar, sem nú þegar er hafin, þannig að betur
nýtist þau tæki, sem þegar eru fyrir hendi.

Í landbúnaði verði stefnt að því að auka framleiðni
og fjölbreytni framleiðslunnar, þannig að hann verði í
framtidinni fær um að fullnægja margbreytilegum
þörfum innlands markaðs og flytja út vörur án upp-
bóta úr ríkissjóði.

Í iðnaði verði haldið áfram að styrkja viðleitni fyrir-
tækja til að laga sig að þeim breyttu aðstæðum, sem
frjáls innflugningur og lækkandi tollar skapa. Sérstak-
lega verði stefnt að eflingu þeirra iðngreina, sem
eðlilegastur starfsgrundvöllur er fyrir hér á landi svo
sem iðnað í tengslum við framleiðsluatvinnuvegina
þ.á m. skipasmíðar og skipaviðgerðir, veiðarfæra-
iðnað og netagerðir og stuðlað ^{verð:} að stofnun iðngreina
til hagnýtingar náttúruauðlinda.

Í viðskiptum verði lögð áherzla á að efla nýja
verzlunarhætti, er lækki dreifingarkostnað, jafnframt
því, sem sett verði löggjöf um eftirlit með einokunar-
verðmyndun og samtökum um verðlagningu.

Um opinberan rekstur og framkvæmdir, mun ríkis-
stjórnin leggja áherzlu á, að gerðar séu hliðstæðar
ráðstafanir til lækkunar tilkostnaðar og í atvinnu-
rekstri. Mun Fjárlaga- og hagsýslustofnunin ^{þessa} hafa for-
ystu um að beita sér fyrir þessu í samvinnu við ein-
stök ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög.

Jafnframt því sem unnið verði að framleiðniaukningu
hvarvetna sem við verður komið, telur ríkisstjórnin,
að halda beri áfram stóriðjuframkvæmdum, ~~(svo að~~
~~fossa-afl og jarðhiti verði ásamt öðrum landgæðum~~
~~nýtt þjóðinni allri til heilla),~~ svo að öll landgæði, þ.
á m. fossa-afl og jarðhiti nýtist þjóðinni allri til heilla.
Í því skyni telur ríkisstjórnin að leita beri samvinnu
við erlenda aðila eftir því sem þörf er á, jafnframt
því, sem úrslitayfirráð Íslendinga séu tryggð á sama
veg og gert var um þær framkvæmdir, ^{sem} þegar
hefur verið ráðizt í. ←

7.

↖
Sem fyrst verði kannaðir til hlítar möguleikar á vinnslu nytsamra efna úr sjó og undirbúin stækkun áburðarverksmiðju.

Markaðsaðstöðu erlendis þarf að bæta, m. a. með tafarlausri fullnaðarkönnun á möguleikum á aðild að Fríverzlunarbandalaginu, jafnframt því, sem leitað verði viðhlítandi samninga við Efnahagsbandalagið, enda sé það ljóst frá upphafi, að full aðild kemur þar ekki til greina. ^{Stöðugt vexti:} Jafnframt sé unnið að öflun nýrra markaða í samvinnu við samtök atvinnuveganna.

Með þessum og öðrum ráðum verði stuðlað að því, að þjóðartekjur geti sem skjótast ²aukið á ný, og mun þess eftir föngum gætt, að jafnframt því, sem atvinnurekstur búi við skilyrði, er veiti möguleika til áframhaldandi vaxtar, fái almenningur svo mikinn hluta aukins arðs, sem unnt er.

Um þessar og aðrar efnahagsráðstafanir til tryggingar kjörum almennings og atvinnurekstri hyggst ríkisstjórnin hafa samráð við almennasamtök, þ. á m. stéttarfélög.

Þessi er meginstefnan, sem samkomulag hefur orðið um að fylgja, og hefur jafnframt verið samið um framgang nokkurra sérstakra mála.

Haldið verði áfram að starfa að áætlunargerð um framkvæmdir og efnahagsþróun, eftir því, sem reynsla hefur leitt í ljós, að við eigi hér á landi. Sérstök áherzla sé á næstu árum lögð á áætlunargerð til eins árs í senn til stuðnings við mörkun stefnu í efnahagsmálum og fjármálum jafnframt því, sem unnið sé að áætlunum til langs tíma um einstakar greinar opinberra

framkvæmda og opinbers reksturs. Hraðað verði áætlunum um þróun einstakra byggðarlaga og landshluta og reynt eftir föngum, að hagnýta áætlunargerð um þróun atvinnugreina til langs tíma.

Almannatryggingar verði endurbættar í samræmi við fengna reynslu hér og annars staðar og leitast við að íslenskt tryggingakerfi haldið í fremstu röð. Kappsamlega verði haldið áfram undirbúningi almenns lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn.

Í húsnæðismálum verði öll aðstoð af hálfu ríkisins samræmd, svo að sem flestir möguleikar skapist fyrir nægilegum byggingum með sem minnstum tilkostnaði, enda verði jafnframt því sem opinber stuðningur við byggingar haldist, stuðað að eðlilegri samkeppni í byggingum. Gerð verði áætlun til nokkurra ára, hliðstæð þeirri, sem nú er hafin framkvæmd á í Reykjavík, um fjöldaframleiðslu íbúða fyrir efnalítið fólk annars staðar í þéttbýli, þar sem þörf er fyrir hendi. Verðtrygging húsnæðislána verði samræmd reglum um víðtæka verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem er í undirbúningi.

Stefnt verði að því að bæta enn menntunarskilyrði æskunnar í því skyni, að hún öðlist þá þekkingu og tækni, sem allar framfarir byggjast nú á í vaxandi mæli. Fram fari allsherjar endurskoðun á fræðslukerfinu og í því sambandi lögð áherzla á framhaldandi undirbúning og framhald áætlana í menntamálum. Stefnt verði að því, að vaxandi hlutfallstala hvers árgangs stundi framhaldsnám.

Haldið verði áfram endurbótum í löggjöf og framkvæmd í heilbrigðismálum. Sett verði ný lög um

almennt og samræmt heilbrigðiseftirlit í öllu landinu. Lagt verði kapp á að ljúka áætlunargerð um byggingar heilbrigðis- og rannsóknarstofnana í tengslum við Landsspítalann og framtíðartengsl hans og annarra heilbrigðisstofnana við læknadeild Háskólans. Unni ð verði að aukinni hagkvæmni á grundvelli nýrrar tækni í rekstri sjúkrahúsa og á annan hátt gerðar ráðstafanir til þess að aukin fjáröflun til heilbrigðismála nýtist sem best. Endurskoðað verði skipulag yfir- stjórnar heilbrigðismála.

Gerð verði áætlun um varanlegar vegabætur og leitað lánsfjár til þeirra framkvæmda, enda verði umferðagjald lagt á notkun varanlegra vega, jafn skjótt og fyrirfram ákveðnum áföngum er náð.

Fjármálakerfi ríkisins verði endurskoðað, þ. á m. skipting tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga ásamt verkaskiptingu þeirra á milli. Gerð verði áætlun um lækkun innflutningstolla með þeim hætti, að ekki valdi óeðlilegri truflun á atvinnurekstri, sem fyrir er. Haldið verði áfram athugun á hagkvæmi þess, að tekið verði upp staðgreiðslukerfi við skattgreiðslu, jafnframt því sem leitast verði við að gera skattheimtu ríkisins einfaldari en nú er.

Sett verði ný löggjöf um Stjórnarráðið og hina æðstu umboðsstjórn. Teknar verði upp viðræður milli ~~stjórnunarflokkanna~~ ^{stjórnunarflokkanna} um þá breytingu á stjórnarskránni að Alþingi verði ein málstofa.

Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á kosningalögum, endursamþykkt verði á þessu þingi frumvarp um lækkun kosningaaldurs í 20 ár. ^{Nauðsynlegar breytingar á kosningalögum til}

Landgræðsla og
gröðun vernd verði
efld og aukin eftir
því sem fönng eru á.

og óbyggarni.

Tillögur framkvæmdastjórnar til miðstjórnar
um viðræðugrundvöll af hálfu Alþýðuflokksins
um áframhald stjórnarsamvinnu við Sjálf-
stæðisflokkinn.

Alþýðuflokkurinn telur, að ríkisstjórnin eigi sem fyrst að birta yfirlýsingu um meginstefnu sína á þessu kjörtímabili. Eigi yfirlýsingin að vera ýtarleg og taka m.a. til þessara atriða:

Á undanförunum árum hafa þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur aukizt örur hér á landi en oftast áður og örur en í nágrannalöndum. Nú hefur hins vegar orðið mikið verðfall á helztu útflutningsafurðum landsmanna, og síðasta vetrarvertið var mjög rýr. Þessi breyttu viðhorf valda nauðsyn á nýrri stefnu. Ef varðveita á þau góðu líf skjör, sem þjóðin hefur öðlazzt og skilyrði eiga að vera til þess, að þau haldi áfram að batna á næstu árum, verður nú að leggja höfuðáherzlu á aukna framleiðni á öllum sviðum atvinnulífs, viðskipta og opinberrar starfrækslu. Aukin menntun, ný tækni og vísindaleg vinnubrögð séu hagnýtt í vaxandi mæli til eflingar framförum og aukinnar hagsældar. Stefnunni í efnahagsmálum verður að einbeita að því að gera framleiðslu og viðskipti sem hagkvæmust og nýta fjármagn þjóðarinnar sem bezt til eflingar atvinnulífs og viðskipta og bættrar opinberrar þjónustu. Við framkvæmd þessarar stefnu mun ríkisstjórnin leggja megináherzlu á náð samstarf við verkalyðshreyfinguna til að stuðla eftir megni að vinnufriði, byggðum á frjálsum samningum. Meginatriði stefnunnar verði þau, sem hér greinir:

Aukin framleiðni og áframhaldandi verðstöðvun.

- 1) Ríkisstjórnin mun gera kerfisbundið átak til þess að auka framleiðni á öllum sviðum efnahagslífsins í því skyni að tryggja fulla atvinnu og auka þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur.
- 2) Stefnt verði áfram að því að tryggja, að verðlag og framleiðslukostnaður hækki ekki meir en orðið er. Jafnframt

sé stefnt að því, að koma í veg fyrir halla á ríkisbúskapnum og draga úr rýrnun gjaldeyrisstöðunnar.

Áætlunargerð.

- 3) Áætlunargerð á sviði opinberra framkvæmda sé aukin og eflid. Í þessu sambandi sé skipulag og starfshættir ráðuneyta og opinberra stofnana endurskoðað. Mörkuð sé ákveðin stefna í hverjum málafllokki, undirbúningur framkvæmda sé bættur, aðeins sé unnið að hæfilegum fjölda framkvæmda á hverjum tíma og stefnt sé að því að velja þær framkvæmdir í hverri grein, sem brýnust þörf er fyrir. Jafnframt séu gerðar áætlanir um þróun einstakra byggðarlaga, myndun byggðakjarna og framkvæmdir einkaðila í einstökum atvinnugreinum.

Atvinnumál.

- 4) Mörkuð sé ákveðin stefna í málefnum atvinnuveganna og miði hún að því að nýta framleiðslugetu þeirra sem best og beina nýrri fjárfestingu inn á sem hagkvæmaster brautir.
- a) Í sjávarútvegi sé stefnt að því að auka þorskveiðar með hagnýtingu nýrra tegunda veiðiskipa og veiðiaðferða. Jafnframt sé unnið að endurskipulagningu fiskvinnslunnar með það fyrir augum, að tryggja rekstur hæfilegs fjölda hagkvæmra rekstrareininga. Verðjöfnunarsjóður sá, sem stofnaður var í sambandi við verðfall sjávarafurða, verði eflidur og starfsemi hans látin ná til allra sjávarafurða.
- b) Í landbúnaði sé stefnt að því, að framleiðslan miðist við innanlandsparfir í meðalári og við útflutning þeirra afurða, sem ekki er þörf á að greiða útflutningsbætur á. Endurskoðun fari fram á stefnunni í landbúnaðarmálum í heild í því skyni að breyta henni í það horf, að þessu markmiði sé hægt að ná á tilteknum tíma. Jafnframt sé stuðlað að lausn þeirra félagslegu og fjárhagslegu vandamála, sem sigla í kjölfar slíkra breytinga á landbúnaðarframleiðslunni. Helmingur þess fjár, sem sparast árlega vegna minnk-

andi útflutningsbóta, verði næstu ~~10~~ árin notaður til að stuðla að þeim breytingum í landbúnaðinum, sem stefna að þessu marki, og til að efla framleiðnisjóð landbúnaðarins. Opinber aðstoð við landbúnaðinn miðist framvegis fyrst og fremst við það, að ofangreind markmið náist.

- c) Í iðnaði sé stefnt að eflingu þeirra iðngreina, sem hér er starfsgrundvöllur fyrir. Jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess, að auðvelda aðlögun þess iðnaðar, sem notið hefur mikillar verndar, að breyttum aðstæðum, fyrst og fremst með því að koma á fót öflugum aðlögunarsjóði. Við mat á þjóðhagslegu gildi innlends iðnaðar í samkeppni við erlend iðnfyrirtæki verði tekið tillit til þeirrar atvinnu, sem iðnaðarstarfsemin skapar. Í sambandi við lækun tolla á erlendum iðnaðarvörum verði þess ávallt gætt, að tollar á hráefnum og iðnaðarvélum lækki á undan tollum á fullunnu vörurnar. Haldið sé áfram rannsóknum á stofnun nýrra iðngreina til hagnýtingar á náttúruauðæfum landsins og þær rannsóknir efldar.
- d) Stefnt sé að því að efla nýja verzlunarhætti, er lækki dreifingarkostnað. Sett verði löggjöf um eftirlit með hvers konar einokunarverðmyndun og samtökum um verðlagningu. Komið verði á fót stjórnardeild fyrir fjölskyldu- og neytendamálefni.

L í þessu sambandi verði sérstök áhersla á að tryggja atvinnu og möguleikar á samvinnu olíufélaganna.

Menntamál.

- 5) Sérstök áhersla sé lögð á, að gera enn stórfellt átak til þess að bæta menntunarskilyrði æskunnar í því skyni, að hún öðlist þá þekkingu og tækni, sem allar framfarir byggjast nú á í vaxandi mæli. Í þessu skyni verði lögð áhersla á áframhaldandi undirbúning og framkvæmd áætla- ana á sviði menntamála. Sett sé ákveðið markmið varðandi skólabyggingar, kennarafjölda og nemendafjölda á sérhverju sviði skólakerfisins, og fjárveitingar séu miðaðar við framkvæmd þeirrar áætlunar. Lokið sé við að koma á raunhæfri fræðsluskyldu allra til 15 ára

aldurs og athugun hafin á lengingu fræðsluskyldunnar um 1 ár. Stefnt sé að því, að vaxandi hlutfallstala hvers árgangs stundi framhaldsnám, ekki sízt á tæknisviði, jafnframt því sem nauðsynlegar breytingar séu gerðar á skólakerfinu í því skyni, að stúdentsaldur lækki.

Félagsmál.

- 6) Haldið verði áfram að auka opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsnæðis, m.a. með eflingu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, og verði sjóðunum í þessu skyni fengnir nýir tekjustofnar eða séð fyrir auknu ráðstöfunarfé með öðrum hætti. Komið verði á sem hagkvæmastri verkaskiptingu milli sjóðanna, og starfsemi þeirra samræmd. Verði ekki innan skamms komið á verðtryggingu allra lengri lána skal sú verðtrygging íbúðarlána afnumin.

Gerð verði áætlun til nokkurra ára, hliðstæð þeirri, sem nú er hafin framkvæmd á í Reykjavík, um fjöldaframleiðslu íbúða fyrir efnalítið fólk í kaupstöðum landsins. Verði að því stefnt að byggja í þessu skyni 250 íbúðir á ári næstu fjögur árin. Leitað verði úrræða til þess að auðvelda öflun lána til kaupa á notuðum íbúðum.

- 7) Löggjöfin um almannatryggingar verði endurskoðuð og að því stefnt, að heildarbætur trygginganna verði svipaður hundraðshluti þjóðarframleiðslunnar hér á landi og þær eru í því norrænu landanna, þar sem hann er hæstur. Stofnun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn, sem jafnframt verði til eflingar sparnaði og heilbrigðri fjármunamyndun í landinu, verði einn þáttur endurskoðunar tryggingarkerfisins. Sjóðir lífeyriskerfisins verði að verulegu leyti notaðir til stuðnings við íbúðabyggingar landsmanna.
- 8) Verkalýðssamtökunum verði veitt aukin fjárhagsaðstoð til þess að efla upplýsinga- og fræðslustarfsemi og til þess að hagnýta sérfræðilega starfskrafta.

Samgöngumál.

- 9) Lögð verði áherzla á öra þróun samgöngumála með byggingu vega, hafna og flugvalla. Undirbúið verði stórátak í vegagerð, sem hæfist ekki síðar en framkvæmdum við Búrfellsvirkjum lýkur.

Æskulýðsmál.

- 10) Gert verði átak til að bæta aðstöðu æskufólks til heilbrigðs félags- og skemmtanalífs og tómstundaíðkana, m.a. með setningu laga um æskulýðsmál⁰⁹ skipulagningu á hagnýtingu félagsheimila og íþróttamannvirkja í þessu skyni, og ~~athugun á unglingsvinnu~~ fyrir frumkvæði ríkisins.

L Hafinuverdi.

Vísindi og listir.

- 11) Lögð verði aukin áherzla á íslenskar vísindarannsóknir og stefnt að því, að þær nýtist sem best í þágu atvinnuveganna.

Ennfremur verði lögð aukin áherzla á stuðning við íslenskar listir og skilyrði almennings til þess að njóta þeirra.

Fjármál ríkisins.

- 12) Fjármálakerfi ríkisins verði endurskoðað. Gerð verði áætlun um lækun innflutningstolla. Lögð verði aukin áherzla á fasteignaskatta. ^Ltekið verði upp staðgreiðslu-kerfi við skattgreiðslu. Skattheimta ríkisins verði gerð einfaldari en nú er.

L Haldit verði áfram at-
vinnu-
á hagnýtingu
á hagnýtingu
kvæmni
þess, at

Fríverzlunarbandalagið.

- 13) Kannað verði, með hvaða hætti Ísland geti tengzt Fríverzlunarbandalaginu, þannig að útflutningsatvinnuvegirnir eigi tollfrjálsan og sem haftalausastan aðgang að mörkuðum þess.

Landgrunnið og verndun fiskistofna.

- 14) Unnið verði að því, að réttur Íslendinga til landgrunn-
ins verði viðurkenndur og öllum hugsanlegum ráðum beitt
gegn eyðingu fiskistofna við strendur landsins, jafn-
framt því sem skipulegt átak sé gert til þess að nýta
stofnana á sem hagkvæmasta hátt, en tryggja vinnslu-
stöðvum í landi jafnframt sem mest og jafnast hráefni.

Utanríkismál.

- 15) Utanríkisstefna Íslands verði eftir sem áður grund-
völluð á aðild að Sameinuðu þjóðunum og Atlantshafs-
bandalaginu, og sérstök áherzla lögð á samstarf við
hinar Norðurlandapjóðirnar.

Hafin verði sérfræðileg athugun á stöðu og hlutverki
varnarstöðvanna á Íslandi innan varnarkerfis Atlants-
hafsbandalagsins í því skyni, að hún leiði í ljós,
hvort ástæða sé til endurmats á þætti Íslands í varnar-
kerfi Atlantshafsríkjanna.

Komið verði á fót Útflutningsráði, sem skipað verði
fulltrúum ríkisvaldsins, framleiðenda og útflytjenda
í því skyni að efla markaðskönnun og markaðsleit er-
lendis. Jafnframt verði athugað um ráðningu viðskipta-
ráðunauta til starfa í helztu viðskiptalöndum okkar.

Gerð verði áætlun um skipulegan stuðning af Íslands
hálfu við vanþróuð lönd.

Alþýðuflokknum er ljóst, að í efnahagslífi sérhverr-
ar þjóðar má búast við nokkurri sveiflu frá ári til árs.
Hér á landi er sérstök hættu á slíku vegna einhæfs útflutn-
ings þjóðarinnar. Æskilegt er, að stefnt sé að því að jafna
metin milli góðra og lakari ára með því að geyma nokkurn
hluta tekjuauka góðu árána til lakari ára. Að svo miklu
leyti sem það hefur ekki verið gert, er óhjákvæmilegt að

bera byrðar minnkandi tekna í erfiðum árum. Framkvæmd þeirra áforma, sem nefnd hafa verið hér að framan, hlýtur að sjálfsögðu að vera komin undir fjárhagsgetu þjóðarinnar á kjörtímabilinu. En miðað við sæmilegt árferði, ætti allsherjarátak til aukinnar framleiðni á öllum sviðum framleiðslu- og viðskiptalífs að geta tryggt þjóðinni verulega bætt lífskjör á þessu kjörtímabili.

Bl. 4. 1. málsgælin.

Í landbúnaði verði stefnt að því
að auka framleiðni, og 'áhersla
lögð á að sú framleiðsla, sem er
umfram þessis þjóðarinnar í miðlaði,
verði á þeim afurðum, sem minnst
útflytningu upplætur þarf að gefa
á.

Þannig mætti landbúnaðargæmin
vera og þá á eldri málsgælin
henni.

Þá áttu þessir þættir, sem þá hafa
frá mig. Vilji þessum heildur leika
útlit af þessum í fundargerð, þessum
en þá þá sé með í yfir lífs ríki,
gati þá komið til gæina. Í hild
er þetta þessu gott hjá þessum,
þátt í þessum megi leika þessum.

Þessum
Nilsen

I, Part. 3. g. við landbúnað:

I landbúnaði verði stefnt á þau á
auka framleiðni. Fjálkurframleiðsla
múðist við þær fjárfestingar í
málari. Koppst verði á þau á
landbúnaðinum, regna framleiðni
og fjálfreytari í framleiðslu,
verði í framleiðni þess sem á
flytja út afurðir án uppbláa
íu mikissjóni.

Frumvarp til laga um Kjararáð.

1. gr.

Kjararáð skal skipað 15 mönnum, er félagsmálaráðherra skipar til þriggja ára í senn eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Hæstiréttur tilnefnir einn mann, og er hann formaður ráðsins.

Hagfræðingafélag Íslands tilnefnir tvo menn, er skulu vera hagfræðingar.

Alþýðusamband Íslands tilnefnir tvo menn.

Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir tvo menn.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Landssamband verzlunarmanna, Farmanna-og fiskimannasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. iðnrekenda, Stéttasamband bænda og Neytendasamtökin tilnefna hvert um sig einn mann. Sömu aðilar tilnefna hver um sig með sama hætti alls 15 varamenn.

Tilnefni einhver aðila eigi mann í Kjararáð skipar félagsmálaráðherra mann í hans stað.

2. gr.

Hlutverk Kjararáðs er:

- a) að fylgjast með launakjörum í landinu og skipuleggja söfnun og úrvinnzlu hagskýrslna fyrir aðila vinnumarkaðarins.
- b) að láta í té álit þegar þess er óskað af ríkisstjórn eða einhverju sambandi verkafélaga eða vinnuveitenda, sem fulltrúa eiga í ráðinu, um það hvort hlutdeild launþega í þjóðarframleiðslunni á tilteknu tímabili hafi vaxið eða minnkað, hvernig horfi um aukna hlutdeild þeirra í arði hennar og hver sé afkoma einstakra framleiðslugreina og þjóðarbúsins í heild.
- c) að láta í té álit eftir ósk þeirra aðila, er í b-lið greinir, um að hve miklu leyti kaupmáttur launa og afkoma launþega í heild hafi batnað eða versnað frá því síðustu kjarasamningar voru gerðir.
- d) að láta í té álit eftir ósk þeirra aðila, er í b-lið greinir, um launahlutföll milli einstakra stétta og hvort breytingar á þeim séu eðlilegar.
- e) að láta í té álit sitt á framkömnum kröfum kröfum um kjarabreytingar þegar þess er óskað af aðila að kjaradeilu eða sáttasemjara.

3. gr.

Álit Kjararáðs skal liggja fyrir innan tveggja mánaða frá því þess var óskað, ef um er að ræða álit á þeim atriðum, sem greind eru í a-d lið 2. gr., en innan eins mánaðar sé um að ræða atriði skv. e-lið.

Álit Kjararáðs skulu vera rökstudd og birtast opinberlega.

4. gr.

Sáttasemjara eða sáttanefnd er heimilt að fresta því að vinnustöðvun hefjist unz álit Kjararáðs skv. 2. gr. á-lið kemur fram.

5. gr.

Hagstofa Íslands skal vera Kjararáði til aðstoðar við öflun gagna og útreikninga. Ráðið getur ennfremur krafist embættismenn og ríkisstofnanir um nauðsynlegar upplýsingar. Kjararáð getur einnig krafist hlutafélag, samvinnufélag, framleiðendasamtök og aðra atvinnurekendur umfresturs- og efnahagsreikninga. Kjararáði er heimilt að kveðja sérfræðinga til starfa í sína þágu.

6. gr.

Kjararáð setur sér sjálft starfsreglur. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála í Kjararáði.

7. gr.

Kostnaður við störf Kjararáðs greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

"Vinnustöðvun" nær yfir verklaun líka
Nær ekki yfir þegar verkfall er hátt

Tala er í
úfarsh.
um þess
H. Kristján